

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar vegna frístundabyggðar og verslunar og þjónustu í Ljárskógum.

Skipulagsstofnun staðfesti 12. september 2024 breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032 sem samþykkt var í sveitarstjórn 8. febrúar 2024.

Í breytingunni felst að frístundabyggð F-23 er færð að sjávarsíðunni við Hvammsfjörð í landi Ljárskóga með heimildum fyrir 23 frístundahús á 20 lóðum á 18,2 ha, með nýtingarhlutfall 0,03. Einnig eru skilgreind tvö ný verslunar- og þjónustusvæði, VP-18 fyrir 12 útleiguhús á 4,2 ha og VP-19 fyrir 12 útleiguhús á 5,6 ha. Landbúnaðarsvæði (L) breytist til samræmis.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 12. september 2024.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 27. september 2024